

Rangárþing eystra  
Þóra Björg Ragnarsdóttir  
Austurvegi 4  
860 Hvolsvöllur

Reykjavík, 11. júlí 2024  
UST202406-252/A.B.  
10.04.02

## **Efni: Lýsing - Skilmálabreyting í aðalskipulagi Rangárþings eystra 2020 - 2032 - Almennir skilmálar til uppbyggingar í dreifbýli**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Rangárþing eystra er barst 21. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2020 - 2032 sem nær til almennra skilmála á uppbyggingar í dreifbýli innan aðalskipulags sveitarfélagsins, m.a. til að tryggja betur vernd landbúnaðarlands.

Í greinargerð kemur fram settir verða almennir skilmálar í greinargerð aðalskipulags þar sem stefnt er að viðamikilli uppbyggingu á góðu landbúnaðarlandi s.s. stærri íbúðar-/frístundasvæði eða umfangsmikla ferðarþjónustu. Einnig er markmið að framkvæmdir sem hafi veruleg ásýndar- og/eða náttúrufarsleg áhrif s.s. umfangsmikil skógrækt, endurheimt votlendis o.fl. verði áfangaskipt svo hægt sé að meta áhrifin á framkvæmdatíma s.s. á fuglalíf, aðliggjandi landbúnaðarland o.fl.

Umhverfisstofnun telur það jákvætt að sveitarfélagið sé að huga að áfangaskiptingu verkefna með vöktunaráætlun sem verkfæri til að meta áhrif framkvæmda. Hins vegar telur Umhverfisstofnun mikilvægt að sveitarfélagið setji sér skýra stefnu um vernd landslags, ásýndar, gróðurlendis, votlendis, vatns, búsvæði dýra o.s.frv. ef niðurstaða umhverfismats er neikvæð á ofangreinda þætti.

### **Votlendi**

Í greinargerð kemur fram að ekki verður heimiluð samfelld uppbygging á votlendissvæðum nema fyrir liggja umsagnir frá þar til bærum stofnunum.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að sveitarfélagið seti sér skýra stefnu í aðalskipulagi um vernd og endurheimt votlends m.a. í tengslum við líffræðilegan fjölbreytileika og loftslagsmál.

Umhverfisstofnun bendir á að votlendi nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd þar sem segir að forðast ber röskun á votlendi sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Votlendi hafa margvíslegt gildi og má skipta mikilvægi þeirra upp í þrjá flokka.

- Vatnsfræðilegt gildi: Í miklum rigningum taka votlendissvæði til sín vatn en miðla því frá sér í þurrkatíð. Þannig viðhalda votlendissvæði jöfnu rennsli í ám og lækjum sem er mikilvægt fyrir þær lífverur sem þar búa.
- Næringarfræðilegt gildi: Mýrar geyma verulegt magn kolefna sem verða til við niðurbrot jurtaleifa. Breytingar á t.d. hitastigi og vatnsborði mýra geta valdið aukinni losun kolefnis sem getur haft áhrif á heimsvísu.
- Vistfræðilegt gildi: Votlendi er mikilvægt búsvæði fugla og plantna og fjölmargar tegundir byggja tilvist sína á því. Votlendi getur þannig aukið verulega líffræðilega fjölbreytni viðkomandi landsvæðis.<sup>1</sup>

### Líffræðilegur fjölbreytileiki

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að sveitarfélagið setji sér skýra stefnu um verndun og endurheimt á líffræðilegum fjölbreytileika í skipulagsáætluninni. Líffræðileg fjölbreytni nær yfir allar tegundir dýra, plantna, sveppa og annarra lífvera og þann breytileika sem er milli einstaklinga sömu tegundar og erfðaefnis þeirra. Líffræðileg fjölbreytni fjallar einnig um búsvæði allra lifandi lífvera og þau vistkerfi og vistgerðir sem þær mynda og sjálfbæra nýtingu lifandi náttúru.<sup>2</sup>

Um allan heim hnignar fjölbreytileika lífríkisins því miður stöðugt og hratt. Megin orsakir eru umsvif mannsins, þar sem á sér stað yfirtaka búsvæða, mengun, útbreiðsla ágengra tegunda, ofnýting náttúrunnar, loftslagsbreytingar, fjölgun mannkyns og aðrar mannlegar athafnir.<sup>34</sup>

Skipulagsáætlanir sveitarfélagsins gegna veigamiklu hlutverki, sem verkfæri, í verndun og endurheimt á líffræðilegum fjölbreytilega, bæði innan sveitarfélagsins og utan. Í skipulagsáætluninni er hægt að setja fram stefnu og markmið um rannsóknir, vöktun og skráningu, vernd og endurheimt tegunda og svæða, endurheimt og vernd votlendis, eyðingu ágengra tegunda svo eitthvað sé nefnt.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

**sérfræðingur**

Rakel Sæmundsdóttir

**sérfræðingur**

---

<sup>1</sup> [Umhverfisstofnun | Um votlendi \(ust.is\)](https://ust.is)

<sup>2</sup> <https://ust.is/umhverfisstofnun/frettir/stok-frett/2022/12/12/Radstefna-adildarrikja-Sameinudu-thjodanna-um-liffraedilega-fjolbreytni-i-Montreal-i-Kanada/>

<sup>3</sup> <https://www.ni.is/is/frettir/2022/05/liffraedileg-fjolbreytni-til-framtidar>

<sup>4</sup> <https://ust.is/umhverfisstofnun/frettir/stok-frett/2023/11/13/Liffraedilegum-fjolbreytileika-hrakar-i-Nordastur-Atlantshafi/>